

## 101/01 - Dröfn RE-35 - Narfa SU-68

Dröfn RE-35 og Narfa SU-68 í árekstri út af Breiðdalsvík

### Dröfn RE-35

**Skipaskr.nr.:** 1574

**Smíðaður:** Seyðisfirði 1981 Stál

**Stærð:** 155,00 brl; 185,00 bt

**Lengd:** 25,92 m **Breidd:** 6,60 m **Dýpt:** 3,45 m

**Vél:** Caterpillar 421,00 kW **Árgerð:** 1981

**Annað:**

**Földi skipverja:**



### Narfa SU-68

**Skipaskr.nr.:** 2373

**Smíðaður:** Hveragerði 1999 Plast

**Stærð:** 7,00 brl; 6,00 bt

**Lengd:** 9,46 m **Breidd:** 3,02 m **Dýpt:** 1,21 m

**Vél:** Yanmar 257,00 kW **Árgerð:** 1999

**Annað:**

**Fjöldi skipverja:** 2

## Atvikalýsing

Þann 22. nóvember 2001 var r/s Dröfn RE-35 á siglingu frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs og m/b Narfi SU-68 að veiðum með línu út af Breiðdalsvík. Veður: SV 4m/sek., skyggni gott.

Skipverjar á M/b Narfa höfðu lagt fiskilínu austur af Lárungum á Breiðdalsvík og voru að draga hana. Skipverjar urðu varir við að r/s Dröfn var að nálgast úr norðri og fylgdust með siglingu hennar. Línan lá yfir siglingaleið Drafnar og voru þeir að draga hana til vesturs á litlum hraða. Þegar skipverjum Narfa sýndist að árekstur yrði ekki umflúinn bökkuðu þeir Narfa og forðuðu því að Dröfnin lenti á miðjum bátnum. Lenti Dröfnin á bógi m/b Narfa.

R/s Dröfn lagði úr höfn á Fáskrúðsfirði og var ferðinni heitið suður á Djúpavog. Siglt var eins og leið lá utan skerja. Þegar komið var út af Breiðdalsvík varð vakthafandi stýrimaður skipsins var við að smábátur kom undan bógnum bakborðsmeginn. Hann setti stýrið hart í stjórnborða og á fullan skurð afturábak en það dugði ekki til að forða árekstri og lenti bógur Drafnar á Narfa, sem skrúbaðist aftur með síðunni.

Skipverjar á Dröfn höfðu samband við skipverja á Narfa og voru skemmdir kannaðar en síðan haldið áfram til Djúpavogs. Narfi fór inn til Stöðvarfjarðar eftir að lokið var við línudrátt.

## Við rannsókn kom fram

- að siglingahraði r/s Drafnar var 9,2 til 9,3 hnútar;
- að straumur var NA fall;
- að úr brú Drafnar var slæmt útsýni úr skipstjórnarstólnum út yfir bakborðsbóg;
- að skipverjar á Narfa voru að draga línuna og andæfðu til vesturs;
- að skipverji á Narfa kveðst hafa séð mann í brúnni á Dröfn töluvert áður en áreksturinn varð;

- að veiðiljós eða veiðidagmerki voru ekki höfð uppi á Narfa.

#### **Nefndarálit**

Nefndin telur að slæm varðstaða á r/s Dröfn sé orsök óhappsins.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tæki og annar búnaður í brú séu þannig staðsett að þau hindri ekki eðlilegt útsýni stjórnenda skips.

Nefndin minnir á að skip á veiðum skulu hafa uppi lögboðnar merkingar þar um.